

Starfslið ráðuneytisins vinnur að verkefnum allra hinna ýmsu deilda eftir þörfum, auk þeirra sérverkefna, sem hverri deild eru ætluð, eftir því sem hentar heildarstarfinu og ráðuneytisstjóri ákveður. Hann getur fært verkefni milli deilda og fjölgað eða fækkað verkefnum einstakra deilda og starfsmanna eftir því sem hentar og sjálfur annazt að einhverju eða öllu leyti hver þau verkefni, sem hann ákveður.

Ráðuneytisstjóri heldur svo oft sem hann telur þurfa fundi með deildarstjórum og/eða öðrum starfsmönnum um störf deilda og málefni, sem varða fleiri en eina deild eða eru stefnumótandi og kunna að skapa fordæmi.

Afgreiðslur, sem ráðherra undirritar, undirritar ráðuneytisstjóri með honum, en aðrar afgreiðslur skulu undirritaðar af ráðuneytisstjóra og meðundirritaðar af hlutaðeigandi deildarstjóra eða þeim starfsmanni öðrum, er afgreiðslu málsins hefur annazt. Öll bréf skulu merkt upphafsstöfum þeirra, sem hafa samið þau og vérlitað, svo og tilvísun í skjalasafn ráðuneytisins.

Í menntamálaráðuneytinu, 7. maí 1971.

Gylfi Þ. Gíslason.

Birgir Thorlacius.

10. maí 1971.

Nr. 80.

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð nr. 5 8. janúar 1970 um breytingu á hafnarreglugerð fyrir Siglufjarðarkaupstað, nr. 111 10. ágúst 1956.

1. gr.

Hafnargjöld samkvæmt reglugerðinni, þ. e. lestagjöld skv. VII. kafla, bryggjuggjöld skv. VIII. kafla og vörugjöld skv. IX. kafla (vörugjaldskrá) hækka um 17% (seytján af hundraði).

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast þegar gildi.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt hafnalögum nr. 48 29. apríl 1967, staðfestist hér með og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Samgönguráðuneytið, 10. maí 1971.

Ingólfur Jónsson.

Kristinn Gunnarsson.